

5. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 11.09 2018, kl. 13.30

Mættir aðalmenn Anna Jóna Árnarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. 1 varamaður sveitarstjórnar Arna Björg Björnsdóttir er mætt í forföllum Jóhanns F. Þórhallssonar. Einnig eru mætt til að sitja 1. dagskrárlið fundarins þau Steingrímur Karlsson, Páll Ásgeirsson, Helga Vigfúsdóttir og Jósef Valgarð Þorvaldsson, allt aðilar í ferðaþjónustu í Fljótsdal.

Oddviti setti fund og bauð gesti velkomna, einnig bauð hún Arnu Björgu sérstaklega velkomna, en Arna situr nú sinn fyrsta sveitarstjórnarfund í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Málafni ferðaþjónustu
2. Skýrsla oddvita
3. Skipan í starfshóp um samfélagsþróun í Fljótsdal
4. Gistihús Fljótsdalshrepps
5. Laugargarður ehf, ársreikningur 2017
6. Hengifoss
7. Vegagerðin 20.08 2018, framkvæmdaleyfisbeiðni
8. Bréf
 - a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags 20.08 2018
 - b) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 23.08 2018
 - c) Náttúruhamfaratrygging Íslands dags. 21.08 2018
9. Fjárbæiðnir
 - a) Eiðavinir
 - b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
10. Umhverfisstyrkir

Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt
11. Fundargerðir
 - a) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 29.08 2018
 - b) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 16.08 og 28.08 2018
 - c) Félagsmálanefnd 27.08 2018

- d) Starfshópur um endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna 09.08 2018
- e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 22.08 2018

12. Önnur mál

1. Mállefni ferðaþjónustu

Rætt var um framtíðarsýn í mállefnum ferðaþjónustu og ferðamennsku og var sveitarstjórn hvött til að setja sveitarfélaginu stefnu og reglur í málaflokknum. Fram kom að heimagisting (90 daga regla) hefur aukist mikið í nágrenni Fljótsdals og telja ferðaþjónustuaðilar hér að það komi fjárhagslega niður á þeim ferðaþjónustuaðilum sem fjær liggja, eru undir kröfum um rekstarleyfi og eftirlit og reyna að halda úti heilsársþjónustu. Þá er talið að svört starfsemi viðgangist, þótt umfang hennar liggji ekki fyrir. Ekki er vitað til þess að í Fljótsdalshreppi sé rekin ferðaþjónusta/gisting án leyfa. Umræða var um á hvaða hátt sveitarfélög geti komið að málum. Fyrir dómsstólum er prófmál þar sem sveitarfélag flokkar húsnæði sem er með leyfi fyrir heimagistingu sem atvinnuhúsnæði og leggur á fasteignagjöld samkvæmt því. Sveitarfélög geta einnig í gegn um sínar skipulagsáætlanir afmarkað starfsemi. Hvatt var til þess að ferðamálnefnd fylgi eftir málum/hugmyndum er fram komu á málþingi um ferðaþjónustu sem haldið var á s.l. ári. Gestir voru sammála um að fækkað hafi ferðamönnum í gistingu og verð lækkað, hvorutveggja áhyggjuefni í þeirra rekstri og heilt yfir sumarið lakara en í fyrra. Gott veðurfar á Austurlandi í sumar hafi bjargað einhverju og hafa íslenskir ferðamenn verið áberandi síðsumars t.d. á tjaldsvæðum, HM í fótbolta, hátt gengi íslensku krónunnar og gjaldþrot stórs flugrekanda sem stuðlaði að fækkun þýskra ferðamanna hafi haft áhrif til hins verra, auk þess sem svæði sem fjær liggja Keflavíkurflugvelli þar sem langflestir ferðamenn koma og fara inn í landið, finni greinilega fyrir því að erlendir ferðamenn stytti ferðir sínar út á land og spari við sig. Þá hefur mikil uppbygging sem átt hefur sér stað í gistirekstri haft áhrif sem allir finna fyrir, með því að gestir dreifast víðar. Gisting í bílum utan tjaldsvæða er einnig viðvarandi vandamál. Rætt var um afþreyingu fyrir ferðamenn s.s. göngu-og hjóla-og hestaleigu, heitar laugar og að æskilegt væri að sveitarfélagið beitti sér fyrir því að skrá leiðir og koma á stafrænt form. Að endingu sýndi Páll myndir frá framkvæmdum við göngustíg við Laugarfell og hvernig stígurinn birtist nú á vefmiðlum.

Gestum þökkun koman og yfirlit þau fundinn klukkan 15:10

2. Skýrsla oddvita

Leitað var með minkahundum meðfram ám í Fljótsdal 4. júlí. Ekki fannst neinn minkur í þeirri leit.

Héraðsskjalavörður minnir á að með nýjum persónuverndarlögum verður ekki breyting á varðveislu- né afhendingarskyldu sveitarfélaga, en um þau gilda lög um opinber skjalasöfn.

Oddviti hefur (með vísan í afgreiðslu sveitarstjórnar 09.04 2018), ritað undir stuðningsyfirlýsingu við tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO.

Flokkunarkerkingum með skiltum hefur verið komið upp á sorpgámum bæði á gámum við Hengifossá og gámum við Norðurdalsvegamót.

Arna Björg Bjarnadóttir varamaður í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps sat námskeið á Egilsstöðum 25. ágúst, sem Samband íslenskra sveitarfélaga hélt fyrir nýkjörna fulltrúa.

Fljótdalsdagur sem að þessu sinni var sunnudagur 19. ágúst, tókst vel og var góð þátttaka í fjölbreyttri dagskrá dagsins.

Ný lög um lögheimili og aðsetur voru samþykkt á Alþingi 11. júní sl. og taka gildi 1. janúar 2019, en að hluta til 1. janúar 2020. Lögunum er ætlað að stuðla að því að búsetu-og aðsetursskráning einstaklinga sé rétt og réttaröryggi í meðferð ágreiningsmála er varða skráningu lögheimilis og aðseturs verði tryggt.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018 verður haldið á Akureyri dagana 26-28. september. Fljótdalshreppur á þar seturétt fyrir 1 fulltrúa, sem er oddviti og til vara varaoddviti.

Lárus og Jóhann mættu á fyrir Fljótsdalshrepp á fund um þjóðlendumál sem haldinn var á Egilsstöðum 29. ágúst. Gunnþórunn, Eiríkur og Jóhann mættu á kynningarfund um miðhálandisþjóðgarð á Egilsstöðum 28. ágúst og Lárus, Gunnþórunn og Jóhann á fund á Egilsstöðum 28. ágúst um frumvarp um þjóðgarðastofnun. Fljótsdalshreppur sendi inn umsögn um frumvarpið. Þá sat oddviti aðalfund SSA á Hallormsstað 7-8. september. Oddviti sat einnig fund á Egilsstöðum 3. september sem SSA boðaði til til að kynna vinnu millipinganeftar.

Tilkynning hefur borist um fasteignamat 2019. Fasteignamat á landmati í Fljótsdalshreppi hækkar um 7,6 % og mat á mannvirkjum um 7,4 %.

Eftirlit HAUST á seyrugryfju við Valþjófsstað hefur farið fram án athugasemda, en minnt á að leyfið er bundið nýtingu á seyrunni.

Varaoddviti annaðist afleysingu fyrir oddvita 27. ágúst til 3. September

3. Skipan í starfshóp um samfélagsþróun í Fljótsdal

Niðurstöður tilnefninga íbúa eru eftirfarandi.

2 fulltrúar sveitastjórnar eru: Jóhann Þórhallsson og Lárus Heiðarsson

2 fulltrúar íbúa eru: Arna Björg Bjarnadóttir og Þórhallur Jóhannsson

Sveitarstjórn samþykkir að þau skipi stýrihópinn ásamt einum fulltrúa Austurbrúar, sem liggur ekki fyrir nú hver er. Oddvita falið að kalla hópinn saman til fyrsta fundar. Alls tóku 39 manns þátt í könnuninni, en það er um 50 % þátttaka. Sveitastjórn þakkar íbúum innsendar tillögur og góða þátttöku.

4. Gistihús Fljótsdalshrepps

Borist hefur erindi frá leigjendum gistihúsanna við Végarð, þar sem óskað er framlengingar á leigusamningi sem nú er í gildi, en samningurinn rennur út 31.12 2018, ef hann verður ekki framlengdur.

Gunnþórunn lýsti yfir vanhæfni vegna tengsla og fól Lárusi fundarstjórn og afgreiðslu erindisins og vék af fundi.

Sveitarstjórn vísar í bókun á sveitarstjórnar á fundi 6.12.2016, um að eftir samningstímann „verða gistihúsin auglýst aftur til leigu“ . Sveitarstjórn er sammála um að fylgja eftir þeirri ákvörðun. Núverandi leigutakar eru hvattir til að sækja um.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

Auglýst verður innansveitar eftir rekstraraðilum. Oddvita falið að undirbúa auglýsingu og koma í dreifingu sem fyrst.

5. Laugargarður ehf , ársreikningur 2017

Ársreikningur kynntur, samþykktur samhljóða og undirritaður. Enginn rekstur var í félaginu á árinu. Einnig var undirrituð tilkynning til ríkisskattstjóra um breytingu á stjórn félagsins.

6. Hengifoss

Kynnt uppkast af samkomulagi við eigendur Mela um fyrirkomulag lóðaréttinda. Oddviti bar fram tillögu um að stofnaður verði starfshópur til að fylgja eftir hönnun þjónustuhúss og nærsvæðis. Samþykkt og ákveðið að í hópnum sitji Sveinn Þórarinnsson, Hörður Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Anna Jóna Árnarsdóttir.

7. Vegagerðin 20.08 2018, framkvæmdaleyfisbeiðni

Í gögnum er fylgja framkvæmdaleyfisbeiðni er fyrirhugaðri framkvæmd lýst, en endurbýggja á veg frá Arnheiðarstöðum að Teigabóli og byggja steipt ræsi yfir Hrafnsgerðisá. Um 2 km af fyrirhugaðri framkvæmd eru innan marka Fljótsdalshrepps. Fram kemur að unnið er að samningum við landeigendur. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag og ekki svo umfangsmikil að hún sé umhverfismatsskyld. Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis. Framkvæmdaleyfisgjald verður í samræmi við gjaldskrá Fljótsdalshrepps

8. Bréf

- a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags 20.08 2018. Ósk um umsögn vegna útgáfu leyfis -réttarball .

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitir jákvæða umsögn um veitingu leyfisins, enda liggja fyrir jákvæðar umsagnir frá byggingarfulltrúa, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti. Jafnframt er staðfest að veiting leyfis er í innan þeirra marka sem skipulag og reglur sveitarfélagsins segir til um.

- b) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 23.08 2018.

Sýslumaður óskar eftir samþykki sveitarfélagsins til að fara með ógreidd opinber gjöld á afskriftarreikning vegna árangurlaust fjarnáms kr. 304.690. Aðilar eru farnir úr landi. Samþykkt.

- c) Náttúruhamfaratrygging Íslands dags. 21.08 2018

Kynning á hlutverki stofnunarinnar sem áður hét Viðlagatrygging Íslands. Meðfylgjandi er bók „Náttúruvá Íslands“ sem sveitarfélaginu er færð að gjöf.

9. Fjárbeiðnir

- a) Eiðavinir .Unnið er að gerð heimildarmyndar um sögu Eiðaskóla. Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr.
- b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs .Varðar gönguleikinn Perlur Fljótsdalshéraðs. Samþykkt að veita 15.000,- kr. styrk.

10. Umhverfisstyrkir

Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Sveinn sækir um að endurvekja umsókn um umhverfisstyrk frá 2015 , þar sem ljóst er að framkvæmdin kemst á og er að hluta lokið. Samþykkt.

11. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 29.08 2018.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu byggingarleyfis baðhúss Óbyggðaseturs (liður 2 í fundargerð), þegar stækkun lóðar er frágengin. *Arna Björg tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar.*

Nefndin fjallaði einnig um breytingu á aðalskipulagi , bréf Umhverfisstofnunar er varðar auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis , endurbætur á vegi frá Arnheiðarstöðum að Teigabóli, erindi er varðaði minnisvarða við Bessastaðaá o.fl. Liður 2 staðfestur og fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- b) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 16.08 og 28.08 2018.

Fundargerð 16.8.2018, kynnt. Fundargerð 28.8.2018, samþykkt að sveitarfélagið greiði smalamennsku á Hraunum og fyrir flutning á fé sem kemur lengra að eins og Fjallskilanevnd fer fram á. Einnig er óskað eftir að sveitarfélagið greiði fyrir smölun í 2. göngu á Kiðafelli, frestað að taka ákvörðun um það , þar til nánari skýringar liggja fyrir.

Fjallskilanevnd beinir því til sveitarstjórnar að endurbyggja og viðhalda gamla gangnakofanum og hesthúsi í Fjallaskarði.

- c) Félagsmálanefnd 27.08 2018. Kynnt.
- d) Starfshópur um endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna 09.08 2018. Kynnt.
- e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 22.08 2018. Kynnt.

12. Önnur mál

- a) Anna Jóna leggur til að skoðað verði hvort Ferðamálanefnd skipuleggi réttarball á næsta ári.
- b) Stjórn Landbótasjóðs hefur skilað inn ársskýrslu stjórnar fyrir árið 2017.

- c) Tveimur fulltrúum Fljótsdalshrepps er boðið á fund með Poul Michelsen, utanríkis- og viðskiptaráðherra Færeyja og á fyrirtækjasýningu færeyskra fyrirtækja þriðjudaginn 18. september kl. 14:00 í safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju.
- d) Forseti Íslands Guðni TH Jóhannesson og forsetafrú Eliza Reid, ásamt fylgdarliði eru í heimsókn í Fljótsdal fimmtudaginn 13. september. Þau munu heimsækja Óbyggðasetrið og að þeirri heimsókn lokinni verður móttaka á Skriðuklaustri klukkan 17:35 og eru íbúar hvattir til að mæta þar og taka þátt í viðburðinum. Sveitarstjórn fagnar komu forsetans í Fljótsdal.
- e) Oddviti hefur tekið saman upplýsingar um smölunarkostnað og námsstyrki, sem beðið var um á fundum 9.4 og 3.7 2018.

Fjöldi þeirra sem hafa notið námsstyrkja (16-25 ára) á undanförunum árum:

2015 11 aðilar, 2016 10 aðilar, 2017 9 aðilar, 2018 (þ.e. til 30/6) 6 aðilar

Misjafnt er hvort um að að ræða styrki fyrir 1 önn á ári eða 2.

Enn sem komið er hefur ekki borist umsókn um menntunarstyrki, sem ákveðið var að veita aðgang að á árinu 2018.

Kostnaður við smalamennsku í Fljótsdal í janúar og febrúar 2018.

Kostnaður sem greiddur hefur verið samtals. kr. 1.027.170,-

3 aðilar hafa fengið greitt skv. reikningi, vitað er um 2 til viðbótar sem gætu bæst við, en hafa ekki enn sem komið er sent reikning vegna vinnu sinnar. Fleiri komu að smölun s.s. Skriðdælingar og bændur sem ekki er að vænta að sendi reikning fyrir smölun. Fjárfjöldi sem smalað var 175 kindur. Kostnaður per kind er kr. 5.870,-

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:45

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Arna Björg Bjarnadóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)